

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 909/2000.

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að greiða foreldri fæðingarstyrk sem námsmanni þegar foreldri hefur lokið a.m.k. einnar annar námi skv. 1. mgr. og hefur síðan verið samfellt á vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði.

2. gr.

Í 1. mgr. 15. gr.:

Í stað „35.037 kr.“ kemur: 38.015 kr.

Í stað „79.077 kr.“ kemur: 85.798 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 2001.*

**Páll Pétursson.**

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*